



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2018

## **Sölu- og afhendingarbann á skoteldunum „Silfurbomba“, „Crackling“ og „Bom Bing Plane“ hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Þann 28. desember 2017 fór fulltrúi Neytendastofu á starfsstöð Slysavarnarfélagsins Landsbjargar að Hvaleyrarbraut í vettvangsskoðun til að kanna merkingar skotelda og samræmi þeirra við kröfur gildandi laga og reglugerða.

Við skoðun kom í ljós að skoteldarnir „Silfurbomba“, „Crackling“ og „Bom Bing Plane“ (sjá myndir í viðauka) voru ekki CE-merktir.

##### **2.**

Með ákvörðun Neytendastofu, dags. 29. desember 2017, var tímabundið sölubann lagt á ofangreinda skotelda, á meðan á rannsókn Neytendastofu stóð. Skoteldarnir voru ekki CE-merktir og báru ekki aðrar viðeigandi merkingar, sbr. ákvæði vopnalaga nr. 16/1998, reglugerðar nr. 414/2017, um skotelda, sbr. og lög nr. 134/1995, um öryggi vöru, samhæfðra staðla sem gilda um flugeldavörur og sprengibúnað. Neytendastofa fór fram á að Slysavarnarfélagið Landsbjörg afhenti Neytendastofu gögn, s.s. samræmisýfirlýsingu, til vottunar um að skoteldapakinn uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar vöru hér á landi. Með tölvupósti Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, dags. 30. desember 2017, kom fram að umræddar vörur hafi verið fjarlægðar úr sölu. Við nánari athugun hafi komið í ljós að umræddar vörur væru auk þess of gamlar til að vera í sölu. Þá harmaði Slysavarnarfélagið að slíkar vörur hafi verið hafðar til sölu, enda legði félagið gríðarlega mikla áherslu á að öll meðferð og sala skotelda standist gildandi lög og reglur hverju sinni.

Neytendastofu bárust vottunarskírteini vegna skoteldanna í tölvupósti frá Slysavarnarfélaginu, dags. 31. desember 2017. Í tölvupóstinum sagði einnig að vegna þess að skoteldarnir hafi verið of gamlir, hafi þeir ekki verið CE-merktir og því hafi þeir ekki hlotið CE-vottun við innkaup. Þau vörunúmer sem um ræði hafi hins vegar hlotið CE-vottun árið 2014 og ættu því að uppfylla öll þau skilyrði sem sett séu um CE-vottun skotelda. Því til stuðnings voru tvö



gerðarprófunarvottorð lögð fram, vegna: L9025 – Raketta 2,5“ Ce 1008-F3-69246859, 0432 – Bomber Plane Ce 1008-f2-69246869 og L1005 Raketta 2“ Ce 1008-F3-69246859.

Neytendastofu bárust tvær gerðarviðurkenningar vegna skoteldanna, sem voru svohljóðandi:

„EC Type-Examination Certificate“, frá TÜVRheinland, dags. 5. ágúst 2018, nr. PB 69246859, vegna „Spinners“ í flokki F2, með framleiðslunúmer 0432. Samkvæmt því var skoteldurinn prófaður samkvæmt samhæfðum stöðlum; EN 15947-1:2010; EN 15947-2:2010; EN 15947-3:2010; EN 15947-4:2010 og EN 15947-5:2010. Í niðurlagi vottorðsins kom fram að hin prófuðu eintök hafi verið í samræmi við grunnkröfur viðauka I við tilskipun 2007/23/EC.

Hins vegar „EC Type-Examination Certificate“, frá TÜVRheinland, dags. 5. ágúst 2018, nr. PB 69246863 0001, vegna „Family of Rockets“ í flokki F3, m.a. með framleiðslunúmer L9025 og L1005. Samkvæmt því voru skoteldarnir prófaðir samkvæmt samhæfðum stöðlum; EN 15947-1:2010; EN 15947-2:2010; EN 15947-3:2010; EN 15947-4:2010 og EN 15947-5:2010. Í niðurlagi vottorðsins kom fram að hin prófuðu eintök hafi verið í samræmi við grunnkröfur viðauka I við tilskipun 2007/23/EC.

#### 4.

Með tölvupósti, dags. 17. janúar 2018, óskaði Neytendastofa eftir nánari skýringum á gerðarviðurkenningunum í tengslum við umræddar vörur. Annars vegar vegna þess að á skoteldunum „Crackling“ og „Silfurbomba“ hafi ekki verið að finna vörunúmer, né heiti sem að gætu sýnt fram á tengsl skoteldanna við gerðarviðurkenningarnar. Hins vegar vegna skoteldsins „Bom Bing Plane“, en í gögnunum hafi framleiðslunúmerið 0432 verið hið sama og á hlið skoteldsins. Aftur á móti væri heiti skoteldsins „Spinner“ á gerðarviðurkenningunni en „Bom Bing Plane“ á vörunni. Var því óskað eftir upplýsingum sem sýndu fram á að um væri að ræða gerðarviðurkenningu vegna skoteldsins „Bom Bing Plane“, auk nánari gagna sem sýndu fram á tengsl skýrslunnar við skoteldinn.

Nánari skýring barst með tölvupósti frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, dags. 21. febrúar 2018, en þar kom fram að „L1005 Raketta 2,5“ væri raketta sem væri vanalega kölluð Silfur rakettan. Þá sé L9025 Raketta 2“ vara sem ekki hafi verið pöntuð síðustu þrjú áramót. Þá hafi skoteldurinn „0432 Bomber Plane (Bom Bing Plane)“ ekki verið pantaður síðustu þrjú áramót. Jafnframt sagði að CE-vottunin á uppskrift vörunnar fylgdi vörunúmerinu en ekki heitinu og því gæti munur á heiti skoteldsins og gerðarviðurkenningarinnar skýrst af því að heitið breyttist eftir því hver framleiddi eftir CE-uppskriftinni.

Að lokum kom fram að Slysavarnarfélagið myndi senda frekari gögn þegar þau bærust frá framleiðendum í Kína.

Með tölvupósti, dags. 28. febrúar 2018, bárust prófunarskýrslur vegna skoteldanna.



Neytendastofa óskaði eftir nánari skýringum á prófunarskýrslum með tölvubréfi, dags. 19. júní 2018, þar sem óskað var eftir skýringu á því að skoteldurinn „Crackling“ væri merktur í 2. flokki, en á prófunarskýrslu, dags. 31. maí 2014, ætti við um skotelda í 3. flokki. Í svari Slysavarnarfélagssins Landsbjargar, sama dag, kom fram að munurinn skýrðist líklega á því að nokkrar vörur hafi verið vitlaust merktar hjá Slysavarnarfélaginu á milli flokka en það hefði komið í ljós í athugasemdum frá Neytendastofu fyrir nokkrum árum.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta varðar öryggi skoteldana „Silfurbomba“, „Crackling“ og „Bom Bing Plane“ sem boðnir voru til sölu í verslun Slysavarnarfélagssins Landsbjargar að Hvaleyrarbraut. Við eftirlit Neytendastofu reyndust skoteldarnir ekki CE-merktir auk þess sem aðrar merkingar á þeim voru ekki fullnægjandi. Neytendastofu bárust gerðarviðurkenningar og prófunarskýrslur vegna skoteldanna auk skýringa um að skoteldarnir hafi verið of gamlir til að vera til sölu.

Í gerðarviðurkenningum vegna skoteldanna kom fram að skoteldarnir hefðu verið prófaðir samkvæmt grunnkröfum Viðauka I við tilskipun 2007/23/EB um grunnkröfur til framleiðanda um öryggi sem flugeldavörur verða að uppfylla áður en þær eru settar á markað og staðist prófanir samkvæmt samhæfðum stöðlum; EN 15947-1:2010; EN 15947-2:2010; EN 15947-3:2010; EN 15947-4:2010 og EN 15947-5:2010.

Í prófunarskýrslu, dags. 16. maí 2014, vegna skotelds af gerðinni „Spinner“ nr. 0432, kemur fram að skoteldurinn hafi staðist þær prófanir sem hafi verið framkvæmdar í samræmi við samhæfða staðla EN 15947:2010. Þó hafi ekki verið framkvæmd „Prohibited Chemical Analysis“, eða greining á bönnuðum efnunum. Á mynd á bls. 11 í prófunarskýrslunni má sjá að prófunarskýrslan á við um „Bom Bing Plane“.

Í prófunarskýrslu, dags. 31. maí 2014, vegna skotelda af gerðinni „Rockets“, vegna m.a. skotelda af gerðinni L1005 (Silfurbomba) og L9025 (Crackling), kemur fram að skoteldurinn hafi staðist þær prófanir sem hafi verið framkvæmdar í samræmi við samhæfða staðla EN 15947:2010. Þó hafi ekki verið framkvæmd „Prohibited Chemical Analysis“, eða greining á bönnuðum efnunum. Á mynd á bls. 15 í prófunarskýrslunni má sjá að prófunarskýrslan á m.a. við um skoteldana L1005 (Silfurbomba) og L9025 (Crackling).

Aðeins má skv. 5. gr. reglugerðar nr. 414/2017 selja skotelda í flokki 2 og 3 á tímabilinu 28. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Markaðssetning skotelda á netinu með rafrænum hætti er almennt aðeins heimil á tímabilinu frá 20. desember til 6. janúar, enda sé varan afhent á viðurkenndum sölustað skv. 3. mgr. á tímabilinu 28. desember til 6. janúar. Því hefur verið bannað að selja skoteldapakkann, frá því að lagt var á hið tímabundna sölubann.



## 2.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

*„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“*

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:*

*1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*

*2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*

*3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*

*4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

*„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“*

Í 2. másl. 1. mgr. 33. gr. vopnalaga nr. 16/1998 segir að einungis megi selja, framleiða og markaðssetja skotelda sem uppfylli kröfur laganna og reglna sem settar eru samkvæmt þeim. Í 2. mgr. 33. gr. laganna, segir:



„Framleiðendur skotelda skulu tryggja að þeir samrýmist þeim öryggiskröfum, m.a. um CE-samræmismarkingu, sem gerðar eru í reglugerð um skotelda o.fl. og einnig reglum sem settar eru í samevrópskum stöðlum og vísað er til í Stjórnartíðindum eða reglugerðum sem ráðherra er heimilt að setja samkvæmt lögum þessum. Ef framleiðandi skotelda er utan Evrópska efnahagssvæðisins er innflytjandi þeirra ábyrgur fyrir því að skoteldarnir uppfylli þessar kröfur í samræmi við gildandi lög og reglur sem kveða á um ábyrgð innflytjanda og dreifingaraðila á vöru.“

Í 5. gr. reglugerðar nr. 414/2017 segir jafnframt:

„Aðeins er heimilt að setja á markað hér á landi skotelda sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu og bera CE-samræmismarki og framleiddir eru samkvæmt viðeigandi stöðlum sem getið er í 26. gr., sbr. og 27. gr.“

Í 8. mgr. 32. gr. laga nr. 16/1998 segir ennfremur:

„Sá sem framleiðir, flytur inn eða verslar með skotelda skal sjá til þess að skoteldavörur séu merktar með sýnilegum, læsilegum og óafmáanlegum hætti á íslensku.“

Um merkingar á skoteldum er kveðið á um í 8. gr. reglugerðar nr. 414/2017, sem er svohljóðandi:

„Skoteldar skulu vera með álímdum eða áprentuðum leiðbeiningum á íslensku þar sem fram kemur stutt lýsing á eiginleikum þeirra og hvernig beri að nota þá þannig að sem minnst hættu stafí af. Heimilt er að víkja frá þessari reglu þegar um smáa og hættulitla skotelda er að ræða, enda séu þeir seldir nokkrir saman í merktri pakkningu. Leiðbeiningarnar mega ekki draga úr sýnileika og læsileika CE-merkisins. Um efnisinnihald merkinga vísast til ÍST EN 15947-3:2015, lágmarkskröfur um merkingar.“

Samkvæmt 6. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 414/2017 er óheimilt að flytja inn eða selja eldri skotelda en tveggja ára.

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu að afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu á vöru, ef ljóst er að hún uppfyllir ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum. Þá er eftirlitsstjórnvaldi heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu á vöru að skylda dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.



Með lögum nr. 77/2015 um breytingu á lögum nr. 16/1998, með síðari breytingum voru ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB innleidd í íslenskan rétt um að aðeins megi setja á markað CE-merkta skotelda. Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 16/1998 var framleiðendum og innflytjendum veittur aðlögunartími til að laga sig að breyttum kröfum um CE-merkingar skotelda, frá gildistöku laganna til 15. janúar 2016.

Skoteldarnir „Silfurbomba“, „Crackling“ og „Bom Bing Plane“ sem boðnir voru til sölu á sölustað Slysavarnarfélagsins Landsbjörgar voru ekki CE-merktir og of gamlir til að vera hafðir til sölu.

Í máli þessu hefur komið fram að vegna mistaka hafi gamlar birgðir af skoteldum verið boðnar fram á sölustað Slysavarnarfélagsins Landsbjörgar og því hafi skoteldarnir ekki verið CE-merktir. Samkvæmt gerðarviðurkenningum, dags. 5. ágúst 2014, og prófunarskýrslum, dags. 16. og 31. maí 2014, sem Slysavarnarfélagið lagði fram í máli þessu, höfðu vörurnar staðist prófanir gagnvart samhæfðum stöðlum; EN 15947-1:2010; EN 15947-2:2010; EN 15947-3:2010; EN 15947-4:2010 og EN 15947-5:2010.

Í 27. gr. reglugerðar nr. 414/2017 segir að allir skoteldar sem getið sé í 3. og 4. gr. reglugerðarinnar skuli vera framleiddir í samræmi við CE-staðla og merktir CE-samræmingarmerkingu að undanskildum flugeldum fyrir loftför. Þá segir jafnframt í 2. mgr. 27. gr. að um skotelda í flokki 1, 2 og 3 gildi staðlar ÍST EN 15947 - 1:2015, ÍST EN 15947 - 2:2015, ÍST EN 15947 - 3:2015, ÍST EN 15947 - 4:2015, ÍST EN 15947 - 4:2015. Prófunarskýrslur sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg lagði fram við meðferð málsins sýndu fram á að skoteldarnir hafi verið prófaðir samkvæmt eldri stöðlum. Með skýringum Slysavarnarfélagsins Landsbjörgar hafi verið sýnt fram á að um sé að ræða vörur sem væru í samræmi við þær kröfur sem gerðar hafi verið til skotelda í tíð áðurgildandi reglugerðar, en ekki geta sýnt fram á að um væri að ræða skotelda sem hafi verið framleiddir í samræmi við þær öryggiskröfur sem gerðar séu í 5. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 414/2017, 2. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998 og 1. mgr. 2. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995.

Með vísan til þess að skoteldarnir reyndust ekki CE-merktir auk þess sem skoteldarnir voru ekki framleiddir í samræmi við þær lágmarksöryggiskröfur sem gerðar eru nú til skotelda er það mat Neytendastofu að Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafi ekki mátt markaðssetja skoteldana „Silfurbomba“, „Crackling“ og „Bom Bing Plane“, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 16/1998 og sbr. og ákvæði 5., 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 414/2017. Auk þess var Slysavarnarfélaginu óheimilt að selja skoteldana, sbr. 6. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 414/2017 þar sem þeir reyndust eldri en tveggja ára.

Í 4. kafla staðalsins *ÍST EN 15947-3:2015, lágmarkskröfur um merkingar*, kemur fram að merkja beri skoteld, með augljósum, ótvíræðum og auðlesanlegum hætti með upplýsingum um tegund, samræmi við staðalinn EN15947-2:2015, framleiðslunúmeri, aldurstakmörkun og nafni innflutningsaðila.



„Silfurbomban“ og „Crackling“ eru skoteldar af gerðinni „Rockets“, cat. 2 og 3 (Flokkur 2 og 3) og ber að merkja þá skv. fyrirmælum í staðli (sjá bls. 24 staðalsins) og stóðust merkingarnar ekki lágmarkskröfur skv. staðli, t.a.m. um fjarlægðartakmarkanir við skot.

Skoteldurinn „Bom Bing Plane“ er af gerðinni „Spinner“ í cat. 2 (Flokkur 2) og stóðust merkingarnar ekki lágmarkskröfur skv. staðli, t.a.m. um fjarlægðartakmarkanir við skot auk þess sem leiðbeiningarnar voru aðeins á ensku.

Samkvæmt því sem að framan greinir telur Neytendastofa ljóst að skoteldarnir beri ekki fullnægjandi merkingar samkvæmt 8. mgr. 32. gr. laga nr. 16/1998, sbr. 8. gr. og 22. gr. reglugerðar nr. 414/2017 eða staðalinn *ÍST EN 15947-3:2015, lágmarkskröfur um merkingar*.

Það er því mat Neytendastofu, með vísan til framangreindra forsendna, að skoteldarnir „Silfurbomba“, „Crackling“ og „Bom Bing Plane“ geti ekki talist til öruggra vara, skv. 1. mgr. 8. mgr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, þar sem skoteldarnir uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til slíkra vara samkvæmt ákvæði 33. gr. laga nr. 16/1998, sbr. 5. og 8. gr. reglugerðar nr. 414/2017. Markaðssetning, sala og afhending skoteldanna er þar með óheimil skv. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 16/1998, sbr. og 2. gr. laga nr. 134/1995. Telur Neytendastofa því með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr. sömu laga, ekki hjá því komist að banna alla sölu og afhendingu á umræddum skoteldum. Auk þess skal Slysavarnarfélagið Landsbjörg, eyða öllum eintökum varanna og afhenda Neytendastofu skriflega staðfestingu og sönnun þess efnis, í samræmi við 36. gr. reglugerðar nr. 414/2017, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, hefur með því að bjóða fram skotelda sem ekki voru CE-merktir, brotið gegn 2. másl. 2. mgr. 33. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 5. gr. reglugerðar nr. 414/2017, um skotelda.**

**Slysavarnarfélagið Landsbjörg braut auk þess gegn 8. mgr. 32. gr. vopnalaga nr. 16/1998, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 414/2017, um skotelda, þar sem merkingar á skoteldunum voru ekki fullnægjandi.**

**Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafi með því að selja skotelda sem voru eldri en tveggja ára, brotið gegn 6. mgr. 25. gr. reglugerð nr. 404/2017, um skotelda. Skoteldarnir eru ekki öruggir í skilningi 1. mgr. 8. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.**



Slysavarnarfélaginu Landsbjörg er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 135/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, sbr. og 3. mgr. 33. gr. a. vopnalaga nr. 16/1998, bannað að selja eða afhenda skoteldana „Silfurbomba“, „Crackling“ og „Bom Bing Plane“.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 414/2017, um skotelda, skal Slysavarnarfélagið Landsbjörg eyða öllum eintökum vörunnar sem kunna að vera til á lager. Slysavarnarfélagið Landsbjörg skal jafnframt senda Neytendastofu skriflega staðfestingu og sönnun um að öllum eintökum vörunnar hafi verið eytt af viðeigandi aðila.

**Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 12. júlí 2018

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir